

um við að fara. Í lækna eða lögspeki er skyldunámið blendið, og gómsætt hégómmamál verður viðstöðulaust að leika um hræsnis varir. Segðu sannleikann og eingöngu sannleikann, og í fyrsta lagi ertu haldinn hálfviti og í öðru lagi bófi.

„En kyrkjan stendur þér þó opin“, munt þú segja; hið sama segir faðir minn. „Par getur vandlætingamaðurinn sett sér það markmið, er hann aldrei getur náð. Par er það allra helgasta í allri veröldinni.“ Þú hefir altaf trúað, að eg ætlaði að verða prestur, og það er satt, eg ætlaði það. Og ef þú að eins hefðir getað séð þá öfund, sem eg bar til allra minna vina, er gengið hafa fyrir altarið, til þess er vera ætti hið helgasta og háleitasta æfistarf. En hér virðist einnig veginum vera lokað fyrir mér, og það sárasta, eg má ekki segja föður mínum vegna hvers. En þér má eg segja það—en seinni. Eg verð að hugsa mig vel um, hvað eg á að skrifa þér um það, en bréf skaltu fá, þótt síðar verði.

Hve saelt væri ekki að geta eytt lífi sínu þannig! En á því furðar mig þó mest, hve dauðleiðinlegir, sem heild, flestir prestar geta verið; þeir, er um allar sínar vöku stundir ættu að vera niðursokknir í hin dýpstu alvörumál mannkynsins. En það er bólvanin, sem ætið fylgir *embættinu*—krókastígnum að komast áfram í heiminum, það kemur fram í málfaerinu, sem er lykillinn að því, hvað þeir eru. „*Embættisskyldan!*“—og hver er hún? Að stauta sig eftir messuforminu tvisvar á sunnudegi. Og fyrir smápeninga gegnir svo einn *skyldunum* fyrir annann. Og hvert stefnir?—að því, að hafa að eta. Það er *braudið*, en ekki sálusorgunin, eða það sem veitir veslings kroppnum þessi þægindi, sem þeim finst sér vera orðin ómissandi. En hvað eiga þeir að hugsa um hvað af þeim sjálfum verður?

Að hlusta á þá prédika, skyldi maður ætla, eftir þeim orðum sem þeir hafa, að það, að komast áfram í heiminum, verða rískur, láta sér líða vel, væri það allra síðasta, er nokkur kristin sál ætti að hugsa um. Það eru þeirra óbreytt orð. En meðal alls fjöldans heldur ræðustóllinn sinni fornu helgi,—en er þó óbreyttur leikpallur. Komnir úr stólnum, er það gamla sagan, gamla búksorgin, hins gamla heims, að vingast við þenna eða